



Brunavarnir Árnæssýslu
Árvegi 1
800 Selfoss
4-800-900
894-1845
ba@babubabu.is

Selfossi 7. október 2013
/KEi/kei

Fundargerð fagráðs

4. fundur fagráðs *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn mánudaginn 7. október 2013 kl. 10.00 í slökkvistöð Selfossi, Árvegi 1 (Glóð)

Mættir: Ari Thorarensen, formaður, Jón G. Valgeirsson, Gunnsteinn R. Ómarsson, Kristján Einarsson, slökkvistjóri, Pétur Pétursson, vara-slökkvistjóri og S.Lilja Ragnarsdóttir, bókarí.

Kristján ritaði fundargerð.

1. Fjárhagsáætlun 2014

Fyrir fundinum lágu drög tvö að fjárhagsáætlun BÁ fyrir árið 2014. Breytingar voru gerðar frá síðasta fundi í samræmi við ákvörðun fagráðs.

Afgreiðsla:

Launaliður verður færður niður í 3.5% og búnaðarliður lækkaður.

Fagráð leggur fram til héraðsráðs fjárhagsáætlun BÁ með samþykktum breytingum.

2. Samþykktir BÁ (Drög)

Fyrir fundinum lágu drög að „Samþykktum BÁ“

Gerðar voru smávægilegar orðalagsbreytingar og settar inn dagsetningar sem átta við gagnvart stofnsamningi héraðsnefndar.

3. Önnur mál

Kynnt var áskorun frá sjúkraflutningsmönnum til stjórnar Heilsugæslu Suðurlands þess efnis að samið yrði við Brunavarnir Árnæssýslu um rekstur sjúkraflutninga í sýslunni.

Fagráð fylgist með framvindu þessa máls af áhuga.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 11.30